

Sb. 400. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]
um kaupþing.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Þórarinn Þórarinsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði á stofn kaupþing á vegum Seðlabanka Íslands.

Greinargerð.

Í 15. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands, er bankanum heimilað að stofna til og reka kaupþing, þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf, enda ber honum að vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti.

Fram til þessa hafa ekki verið taldar aðstæður til að opna kaupþing, en þó hefur Seðlabankinn unnið talsvert að undirbúningi, þannig að unnt ætti að vera með tiltölulega skömmum fyrirvara að hefjast handa, fyrst í stað að vísu í smáum stíl, en þó ætti að mega vænta þess, að fljótlega yrði um að ræða talsverð víðskipti, t. d. með spariskirteini ríkissjóðs og happdrættisskuldabréf, svo að nokkuð sé nefnt. Víðskipti með önnur verðbréf, þar á meðal hlutabréf, kæmu síðan í kjölfarið, ef að líkum lætur. En stofnun kaupþingsins hlyti að ýta undir það, að fyrirtæki öfluðu sér fjármagns frá alþýðu og heilbrigðari skipan yrði á félaga-
rekstri en verið hefur.